

45

11. marz

AUGLÝSING

um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál eru nú í endurskoðun, framlengjast hér með löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðastjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breyting á þeirri reglugerð, til 31. marz 1956.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

46

22. marz

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis“.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá og með 1. okt. til 31. des. skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum. Á tímabilinu frá og með 1. jan. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13 á laugardögum og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til 30. september er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19 á föstudögum.

3. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 76 frá 30. apríl 1953, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 22. marz 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.